

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *10. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 30. nóvember 2006, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Kynning á tillögum að breyttri starfsemi Héraðsnefndar. Jón Helgi Björnsson, framkvæmdastjóri Héraðsnefndar og Björn Ingimarsson, formaður Héraðsnefndar mæta til fundarins.
3. Erindi frá Ástu Price - lagnamál í Birkihrauni 11 og 12.
4. Fundargerð Byggingarnefndar Suður-Pingeyinga frá 21. nóvember.
5. Erindi frá Héðni Sverrissyni, ósk um breytingu á aðalskipulagi í landi Geiteyjarstrandar 1, var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 12. okt. sl.
6. Trúnaðarmál
7. Snjómokstur.
8. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 27. nóvember.
9. Tillaga vinnunefndar um hugsanlega sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Pingeyjarsveitar.
10. Ákvörðun útsvarsprósentu.
11. Bréf frá Birki Fanndal og Sólveigu Illugadóttur.
12. Þjóðlendumál.

Til kynningar.

Bréf frá Félags- og Skólaþjónustu Pingeyinga, dags. 13.11. 2006

Ályktun frá Höfðafélaginu dags. 19. nóvember

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 7, 8, 9, 10, 11 og 12 yrði bætt á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

2. Kynning á tillögum að breyttri starfsemi Héraðsnefndar. Jón Helgi Björnsson, framkvæmdastjóri Héraðsnefndar og Björn Ingimarsson, formaður Héraðsnefndar mæta til fundarins.

Jón Helgi og Björn fóru yfir tillögur sem héraðsráði var falið að gera vegna breytinga á hlutverki Héraðsnefndar vegna fækkunar sveitarfélaga. Megin breytingin felst í því að félags- og skólaþjónusta verði færð yfir til Norðurþings sem beri þá ábyrgð á rekstrinum, en fjárhagsáætlun fyrir félags- og skólaþjónustu yrði enn um sinn lögð fyrir héraðsnefnd. Með því yrði tryggð aðkoma þeirra sveitarfélaga sem standa utan Norðurþings. Jafnframt er lagt til að skrifstofa Héraðsnefndar og skólaþjónustunefnd yrðu lagðar niður, og að söfnin á Húsavík, Grenjaðarstað og Snartarstöðum verði gerð að sjálfseignarstofnunum. Einnig að styrkir til héraðssambanda fari hér eftir í gegnum sveitarstjórnir.

Sveitarstjórn samþykkir þessar breytingar en leggur áherslu á að með yfirfærslu félags- og skólaþjónustu Þingeyinga til Norðurþings verði þess gætt að breytingin hafi ekki áhrif á starfsemina.

3. Erindi frá Ástu Price – lagnamál í Birkihrauni 11 og 12.

Borist hefur bréf frá Ástu Price þar sem hún vekur athygli sveitarstjórnarmanna á því að hitaveita fyrir Birkihraun 12 fer í gegnum Birkihraun 11, með tilheyrandi óþægindum, enn fremur þykir henni hitastigið á vatninu hættulegt. Hvers vegna tenging Birkihrauns 12 við hitaveituna er með þessum hætti er sveitarstjórnarmönnum ekki kunnugt um en ljóst er að leysa verður vandann.

Sveitarstjóra falið, ásamt ráðsmanni að ganga í lagnamálið.

4. Fundargerð Byggingarnefndar Suður-Þingeyinga frá 21. nóvember.

Liðir 3, 4, og 7 eiga við um Skútustaðahrepp. Lið 4, þar sem óskað er eftir leyfi til að breyta notkun á sundlaugarhúsinu við Álftabáru í starfsmannarými og geymslu og lið 7, þar sem óskað er eftir heimild til að skipta um garðhús á lóðinni við Skútahraun 20, samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu byggingarnefndar. Sveitarstjórn getur ekki fallist á afgreiðslu byggingarnefndar á lið 3, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóð nr. 2 við Helgavog. Í afgreiðslu byggingarnefndar kemur fram að hún fallist á fyrirliggjandi teikningar og byggingaráform en frestar afgreiðslu um byggingarleyfið þar sem breyting á aðalskipulagi hefur ekki verið staðfest af Umhverfissráðherra, og að sækja skuli um byggingarleyfið þegar staðfest skipulagsbreyting liggur fyrir. Umrædd aðalskipulagsbreyting hefur verið í staðfestingarferli hjá Umhverfissráðuneyti frá því í lok júní.

Töluvert hefur verið eftir því gengið að skipulagsbreytingin verði staðfest með

undirskrift ráðherra en ekki gengið vegna andstöðu Skipulagsstofnunar við eina af þeim fimm breytingum sem farið var fram á. Vegna þessara tafa og vegna þess að þegar hefur fallið ráðherra úrskurður um leyfi til bygginga tveggja íbúðarhúsa við Helgavog, samþykkir sveitarstjórn byggingarleyfið með fyrirvara um staðfestingu ráðherra.

- 5. Erindi frá Héðni Sverrissyni, ósk um breytingu á aðalskipulagi í landi Geiteyjarstrandar 1, var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 12. okt. sl.** Erindinu var frestað vegna þess að ekki fylgdi fullnægjandi afstöðumynd af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Nú hefur borist afstöðumynd unnin af Guðmundi Gunnarssyni hjá Búgarði. Um er að ræða tvö svæði, annars vegar 1,9 ha norðan við þegar skipulagðar lóðir Geiteyjarstrandar 2 og 3 og hins vegar 1,3 ha austan við íbúðarhús Geiteyjarströnd 1. Vegna laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár er slík skipulagsbreyting háð leyfi Umhverfisstofnunar sem fer með skipulagsvald á 200m kafla meðfram vatninu. Í 1.mgr. 2.gr. lagana segir” *Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin.*” einnig segir í 3.gr.” *Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.*
- Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.*”
- Að framan sögðu er ljóst að það er ekki í valdi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps að heimila umbeðna aðalskipulagsbreytingu, hins vegar ef fyrirhuguð frístundahúsabyggð er færð út fyrir 200m línuna er sveitarstjórn tilbúin að endurskoða afstöðu sína.
- 6. Trúnaðarmál.**
Fært í trúnaðarmálabók.
- 7. Snjómokstur.**
Í kjölfar útboðs á snjómokstri er sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við Þórhall Kristjánsson um að hann annist snjómokstur til næstu fimm ára á grundvelli tilboða sem opnuð voru 20. nóv. s.l.
- 8. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 27. nóvember.**
Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að samþykktir reikningar til uppgjör fjallskila eru kr. 327.093,- Fjallskilasjóðsgjald pr. kind kr. 156,- og girðingargjald pr. kind kr. 17,-.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.
- 9. Tillaga vinnunefndar um hugsanlega sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.**

Á fundi vinnunefndar um hugsanlega sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar sem haldinn var 14. nóv. sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt og eftir því óskað að sveitarstjórnir þessara þriggja sveitarfélaga taki hana til efnislegara meðferðar.

“Vinnunefnd um hugsanlega sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar leggur til að sett verði á laggirnar formleg samstarfsnefnd sveitarfélaganna sem skipuð verði 2 aðilum frá hverju sveitarfélagi til að vinna málið áfram. Nefndin leggur þetta til þrátt fyrir vissar efasemdir innan hópsins. Vinnunefndin leggur áhrerslu á að störfum samstarfsnefndarinnar, ef af verður, verði hraðað eftir föngum og stefnt verði á að kosið verði um sameiningu í öllum sveitarfélögunum samhliða kosningum til Alþingis á komandi vori.”

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og skipar Böðvar Pétursson og Dagbjörtu Bjarnadóttur til setu í nefndinni.

10. Ákvörðun útsvarsprósentu.

Lagt er til að útsvarsprósenta verði óbreytt 13,03%.
Samþykkt.

11. Bréf frá Birki Fanndal og Sólveigu Illugadóttur.

Borist hefur bréf frá Birki Fanndal og Sólveigu Illugadóttur vegna afgreiðslu byggingarnefndar á umsókn þeirra um byggingarleyfi fyrir einbýlishús við Helgavog. Telja þau að afgreiðsla nefndarinnar setji í uppnám áform þeirra um að ganga til samninga við verktaka og um framkvæmdir á lóðinni. Sveitarstjórn vísar í afgreiðslu sína á fundargerð byggingarnefndar. (sjá liður 4.)

12. Þjóðlendumál.

Eftir framkomnar kröfur fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendumál í Þingeyjarsýslu, boðaði sveitarstjórn til fundar með hagsmunaaðilum í Mývatnssveit þar sem farið var yfir málið. Með því var sveitarstjórn að fara að tilmælum óbyggðanefndar þar sem mælt er til þess að kynningarfundir séu haldnir. Oddviti sagði frá fundi sem haldin var með sveitarstjórnun á svæðinu, þar sem lögmaður frá Regúla lögmannsstofu fór yfir framkvæmd þessara mála. Vert er einnig að minna á sameiginlegan fund sveitarstjórna og landeigenda í Þingeyjarsýslu sem haldinn verður fimmtudaginn 30 nóvember.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.